

**101. fundur Skipulags- og umhverfissráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti  
16-18,  
28. janúar 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir varaformaður, Ólafur Adolfsson aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi og Sindri Birgisson umhverfisstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

Ragnar B. Sæmundsson vék af fundi undir 1. lið fundarins.

**Fyrir tekið:**

**1. 1901157 - Akursbraut 11A - lóðamál**

Fyrirspurn frá Bílar og dekk ehf. varðandi notkun á hluta lóðar nr. 5 við Akursbraut. Akursbraut 11A er eignalóð í eigu fyrirspyrjanda. Akursbraut 5 er eign Akraneskaupstaðar og skráð opið svæði. Lagt fram lóðarblað og drög að samningi.

*Skipulags- og umhverfissráð samþykkir samkomulag vegna afnota fyrirtækisins Bílar og dekk ehf. af hluta lóðar Akraneskaupstaðar við Akursbraut 5 undir bílastæði.*

*Sviðsstjóra falið að ganga frá samningi um afnot lóðar, skv. umræðum á fundinum.*

**2. 1901193 - Stofnanalóðir 2019**

Áhrif framkvæmda við fimleikahúsið á skólalóð Brekkubæjarskóla. Hvaða lausnir eru í boði til bráðabirgða og framtíðar?

*Skipulags- og umhverfissráð þakkar umhverfisstjóra yfirferð um málið. Skipulags- og umhverfissráð felur umhverfisstjóra að vinna að málinu áfram í samstarfi við skólastjórnendur Brekkubæjarskóla.*

**3. 1812094 - Akranes ferja - flóasiglingar 2019**

*Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að vinna að útboðsgögnum vegna Flóasiglinga 2020. Samhliða vinnu við útboðsgögn verði unnin greinargerð um reynslu af Flóasiglingum 2017.*

**4. 1805150 - Deilisk. Æðarodda - breyting vegna reiðskemmu**

Fyrirspurn um breytingu á deiliskipulagi vegna reiðskemmu.

*Skipulags- og umhverfissráð felur sviðsstjóra að gera breytingu á deiliskipulagi við Æðarodda til að koma fyrir reiðskemmu og aðstöðu henni tengdri.*

**5. 1811021 - Aðalskipulag Akraness M2 - breyting á miðsvæði (Akratorg, Kirkjubraut, Stillholt)**

Lögð fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akraness M2 vegna breytinga á Kirkjubraut 39. Breytingin felst í breyttum skipulagsákvæðum fyrir M2, þ.e. auknu byggingarmagni skal mæta með gerð nýrra bílastæða í göturými, með samnýtingu og með bílageymslum neðanjarðar þar sem aðstæður leyfa. Skilmálar um fjölda bílastæða vegna aukinnar nýtingar skulu settir í deiliskipulagi. Tillagan er unnin af Teinistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., dags. 25. janúar 2019.

Skipulagslýsing var auglýst 21. nóvember með fresti til að skila inn ábendingu til 13. desember 2018.

Haldið var opið hús/kynningarfundur til kynningar á skipulagsbreytingunni föstudaginn 18. janúar sl.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn, að tillagan verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Áður en tillagan verður auglýst skal hún send Skipulagsstofnun til yfirferðar sbr. 3. mgr. 30. gr. sömu laga.*

#### **6. 1807077 - Deilisk. Stofnanareitur - Kirkjubraut 39**

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Stofnanareits sem unnin er af Alhönnun ehf. dags. 5. júní 2018. Tillagan er sett fram á skipulagsuppráttum og í greinargerð. Í tillögunni felst að byggja upp verslunar- og hótél á lóðinni. Nýtingarhlutfall er aukið úr 0,4-0,6 í 1,56 og byggt verði alla 4. hæða hús í götúlínu.

Skipulagslýsing var auglýst 21. nóvember með fresti til að skila inn ábendingum til 13. desember 2018.

Haldið var opið hús/kynningarfundur til kynningar á skipulagsbreytingunni föstudaginn 18. janúar sl.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillaga breytingu deiliskipulagins verði auglýst í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ráðið vill benda á að allur kostnaður sem hlýst af skipulagsbreytingunni fellur á umsækjanda hennar, þar með talinn kostnaður vegna bílastæðagjalds.*

#### **7. 1809183 - Aðalskipulag Flóahverfi breyting**

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 vegna stækkunar Flóahverfis hefur verið afgreidd til auglýsingar. Verkfræðistofan Efla hefur fyrir hönd Landsnets óskað eftir því að gert verði ráð fyrir 66 kV jarðstreng, flutningslínu raforku, milli Brennimels og tengivirkis á Akranesi. Tillaga að legu strengsins suðaustan Flóahverfis var unnin í samráði við Skipulags- og umhverfissvið og skipulagsráðgjafa. Gera þarf grein fyrir legu strengsins á aðalskipulagsupprætti og er því lagt til að hann verði færður inn á breytingarblað vegna Flóahverfis. Lagt er fram endurskoðuð tillaga vegna stækkunar Flóahverfis þar sem jarðstrengurinn er sýndur og lagt til að hún verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga. sviðsstjóra er falið að senda endurskoðaða breytingartillögu til Skipulagsstofnunar til yfirferðar.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn, að tillagan verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Áður en tillagan verður auglýst skal hún send Skipulagsstofnun til yfirferðar sbr. 3. mgr. 30. gr. sömu laga.*

RS

**8. 1810140 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2019-2022**

Sviðsstjóri fór yfir framkvæmdir ársins 2019. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að skoða aðra verktilhögun við framkvæmd við Esjubraut 2. áfanga, þ.e. að gatan verði mjókkuð í 7,5 metra og grafið verði niður á fast undirlag við endurnýjun hennar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:15.

Ragnar Sæmund

Gerður Jón Jónsdóttir

1. Ólafur

Sis. f. d.

Stefan f. Steind

Haldis Sigurþórsdóttir